

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
101 Reykjavík  
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 12. febrúar 2024  
E-2024-060/00.11

### Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dagsett 29. janúar 2024. Um er að ræða áframhaldandi áform um sameiningar stofnana sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Frumvarp það sem hér er til umsagnar fjallar um fyrirhugaða Umhverfis- og orkustofnun. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og þakkar tækifærið til umsagnar.

Landsvirkjun telur að fjölmennari og sterkari fagstofnanir eigi hér tækifæri til að styrkja umsjón loftslags-, umhverfis- og orkumála og byggja upp frekari þekkingu ásamt auknum skilningi á samspili þessara málaflokka. Eitt meginmarkmið fyrirhugaðrar stofnanasameiningar er einföldun stjórnkerfisins og vill Landsvirkjun árétta sérstaklega að í yfirstandandi sameiningarferli sé tækifærið nýtt til að einfalda og straumlinulaga stjórnábyrgð með samþættingu og einföldun ferla.

Um mikilvægt málefni er að ræða en aukning endurnýjanlegrar raforku er lykilinn að árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar ásamt því að vera undirstaða orkuöryggis hér á landi. Landsvirkjun bindur miklar vonir til þess að í þessu sameiningaferli verði horft sérstaklega til einföldunar og samþættingar sem stuðli að hröðun á leyfisveitingum nýrra orkuvinnsluverkefna. Undirbúningur virkjana er langt ferli sem kallar á skýra og skilvirka stjórnábyrgð og hafa óeðlilegar tafir á undirbúningstíma áhrif á getu raforkumarkaðarins til að anna eftirspurn. Mikil þörf er fyrir aukinni raforkuöflun og því um töluvert hagsmunamál að ræða. Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að horfa sérstaklega til þessa sjónarmiðs við útfærslu nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar.

### Gæta þarf gullhúðunar í fjölda umsagna fagstofnana

Landsvirkjun bendir á að samkvæmt fyrirliggjandi áformum sé hætt á að flækjustig orkuvinnsluverkefna aukist með mögulegum seinkunaráhrifum á verkefni. Í dag eru tvær stofnanir, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, sem veita umsagnir um umhverfisþætti í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og umsagnir um tillögur að aðal- og deiliskipulagi. Í kjölfar fyrirhugaðra breytinga á hlutverki Umhverfisstofnunar þá munu umsagnir um umhverfismál að líkindum deilast niður á þrjár stofnanir, þ.e. nýja Loftslags- og umhverfisstofnun, nýja Náttúruverndar- og minjastofnun og nýja Náttúrufræðistofnun. Landsvirkjun bendir á að hér muni markmið um einföldun stjórnkerfis ekki ná fram að ganga og vísar Landsvirkjun í þessu samhengi á umræðu um „gullhúðun“ í íslenskrum stjórnsýslu. Þannig er mikilvægt að tryggja að stofnanir með sambærileg fagsvið gefi ekki misvísandi skilaboð með umsögnum sínum um sömu verkefni.

Í þessu ljósi er bent á mikilvægi þess að tryggja samvinnu og samstarf milli nýrra stofnana en þau málefni sem þær fjalla um eru oft nátengd. Í dag er ein stofnun, Umhverfisstofnun, sem sinnir stjórnsýslu mengunarvarna og náttúruverndar en þeim verkefnum verður skv. frumvörpunum skipt milli tveggja stofnana. Náí þessar breytingar fram að ganga þarf að tryggja betri skilvirkni í afgreiðslu leyfa og umsagna. Einnig má nefna nán tengsl verkefna náttúruverndar, mengunarvarna og loftslagsmála. Nægir að nefna málefni líffræðilegs fjölbreytileika og laga um stjórn vatnamála.

### Starfsemi fagstofnana á undirbúningstíma verði óskert

Landsvirkjun bendir á að í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að skipa forstjóra



Umhverfis-og orkustofnunar við gildistöku laga en að ekki sé gert ráð fyrir að stofnunin sem slík verði starfhæf fyrir en að nokkrum tíma liðnum. Landsvirkjun hvetur eindregið til þess að á meðan á undirbúningstíma standi verði lögð áhersla á að starfsemi núverandi stofnana verði sem minnst röskuð og að ekki komi til tafa við ákvarðanatöku í mikilvægum málefnum.

### **Faglegt sjálfstæði og fjármagn orkumála verði tryggt**

Landsvirkjun hefur væntingar um að saman myndi umrædd starfsemi núverandi Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar eðlilega og samfellda heild en báðar stofnanir gegna þegar í dag mikilvægu hlutverki í loftslags-, umhverfis- og orkumálum. Við sameininguna leggur Landsvirkjun áherslu á að gæta þess að sú deild eða svið sem hafi orkumálin innan sinna vébanda verði tryggt nægilegt fjármagn og mönnun til að sinna hlutverki sínu. Nauðsynlegt er að tryggja ákveðið faglegt sjálfstæði fagaðila í orkumálum á vegferð okkar að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda.

### **Mannaráðningar almennra starfsmanna raforkueftirlits útfærðar nánar**

Landsvirkjun fagnar því að í frumvarpinu er sjálfstæði raforkueftirlitsins eftt, sér í lagi sjálfstæði eftirlitsins gagnvart Orkumálastjóra, og telur þær breytingar til bóta. Landsvirkjun bendir þó á að betur færi á því að fjalla með skýrum hætti um atriði er varða mannráðningar almennra starfsmanna raforkueftirlits. Í umfjöllun greinargerðar um 3.mgr. 2. greinar er tiltekið að gert sé „ráð fyrir því að yfirmaður Raforkueftirlitsins fari með daglega stjórn og rekstur einingarinnar, hafi eftirlit með störfum starfsmanna innan hennar og samræmi þau“. Ekki er að sjá beina vísun í hver fer með mannráðningar innan raforkueftirlits og þætti Landsvirkjun til bóta að skýra það betur. Samhljóma ábendingum var komið á framfæri í umsögn Landsvirkjunar varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið) sem einnig er í vinnslu innan umhverfis- og samgöngunefndar.

### **Gætt verði að rödd orkumála innan ráðgjafanefnda**

Landsvirkjun ítrekar athugasemd sem gerð var á fyrra stigi máls en í 8. grein, tölulið 8.b í frumvarpinu er gerð tillaga um brottfellingu orðsins „Orkustofnun“ í 2. mgr. 9. gr. laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011. Umrædd grein fjallar um hlutverk ráðgjafanefnda fagstofnana og hagsmunaaðila en með breytingunni er ekki sjáanlegt að neinn aðili með þekkingu á orkumálum eigi tryggja setu í ráðgjafanefndum. Landsvirkjun ítrekar hér mikilvægi þess að sjónarmið orkumála eigi sér rödd innan þessara nefnda. Óskar fyrirtækið eftir því að þetta verði tekið til endurskoðunar og að tryggt verði að fulltrúi með þekkingu á orkumálum eigi setu í ráðgjafanefndum eða að tekið verði tillit til sjónarmiða orkumála með öðrum hætti.

### **Lokaorð**

Landsvirkjun hvetur að lokum til þess að tryggt verði sem best að lagaumgjörð og regluverk í kringum starfsemi stofnunarinnar verði skýrt og að ekki muni leika vafi á ábyrgð og hlutverki hennar og innan hvaða ramma hún starfi. Við sameiningu þarf að gæta sérstaklega að jafnvægi við málsmeðferð ólíkra mála og að efnt sé til rétttra hvata er varða nauðsynlegrar og skynsamlegrar hagnýtingar á sama tíma og sjónarmiðum verndar er haldið á lofti. Mikilvægt er að sameiningin verði til einföldunar ferla og styðji þannig við mikilvæga vegferð íslenskra stjórnvalda hvað varðar orkuöryggi og loftslags-markmið þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Pórólfur Nielsen**  
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni